Sþ. **331. Tillaga til þingsályktunar** [136. mál]

um útvegun láns til hraðfrystihúsbyggingar á Húsavík.

Flm.: Kristinn Andrésson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega Fiskiðjusamlagi Húsavíkur á þessu ári lán, að upphæð 800 þús. krónur, til hraðfrystihúsbyggingar með sömu kjörum og stofnlánadeild sjávarútvegsins veitir í þessu skyni.

## Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna þess, að brugðizt hefur fjárveiting úr stofnlánadeild sjávarútvegsins að upphæð 800 þús. kr., sem Fiskiðjusamlagi Húsavíkur var lofað, þegar það réðst í smíði hraðfrystihúss á staðnum. Eftir að framlag stofnlánadeildarinnar brást, gaf fjármálaráðherra loforð um, að ríkið útvegaði jafnháa lánsupphæð með sömu kjörum, og skyldi lánið veitt 8. apríl 1950. Þetta loforð hefur einnig brugðizt, eða dregizt á langinn, svo að Fiskiðjusamlagið er komið í þrot með bráðabirgðalán sín, og frystihúsið, sem er næstum fullgert, hefur ekki getað tekið til starfa.

Eins og atvinnuástandið er á Húsavík, er það brýnasta nauðsyn fyrir bæjarfélagið, að hraðfrystihúsið, sem veitt getur 40—50 manns atvinnu, taki hið bráðasta til starfa, og er ríkisstjórninni með tillögu þessari falið að sjá um, að svo geti orðið.